

Minnisblað – úthlutun úr Nýsköpunar- og þróunarsjóði Fræðslusviðs

Fræðslusvið Reykjaneshávar auglýsti 6. apríl eftir umsóknum vegna úthlutunar úr nýsköpunar- og þróunarsjóði sviðsins. Markmið með sjóðnum er að stuðla að nýsköpun, framþróun og öflugu innra starfi leik- og grunnskóla í Reykjaneshávum. Skólastjórar, kennarar og aðrir fagaðilar í leik- og grunnskólamáli Reykjaneshávar geta sótt um í sjóðinn. Einnig er hægt að sækja um í sjóðinn fyrir samstarfsverkefni milli skóla eða skólastiga.


Áhersluþættir Nýsköpunar- og þróunarsjóðs fyrir skólaárið 2021-2022:

Heilbrigði og velferð: Samkennd, stuðningur og virðing efla heilbrigði og vellíðan og miklu skiptir að eiga samleið með öðrum, njóta viðurkenningar og geta tilheyrт hópnum. Með félagsfærniþjálfun, sjálfseflingu, trú á eigin getu, núvitund og heilsusamlegum lifnaðarháttum má efla heilbrigði og stuðla markvisst að velferð og vellíðan í öllu skólastarfi. Með því að sinna vel þessum þáttum í skólastarfinu er ýtt undir heilbrigði og velferð allra barna og unglings.


Læsi allra mál: Markviss vinna með tungumálið til að efla læsi, lesskilning, tjáningu, orðaforða og ritun í því skyni að auka ánægju af lestri. Það má til að mynda gera með snemmbærum stuðningi, fjölbreyttum kennsluaðferðum, áhugahvetjandi verkefnum og með því að glæða ævintýraheim bókanna auknu lífi.

Gæða menntun fyrir alla: Að búa öllum nemendum fjölbreytt og sveigjanlegt námsumhverfi þannig að þeir hafi aðgang að bestu mögulegu námstækifærum. Gæða menntun byggir meðal annars á framsæknum kennsluháttum, teymiskennslu og náms- og kennsluaðferðum sem yta undir samvinnu, ímyndunarafl og sköpunarkraft nemenda.

Matsneft Nýsköpunar- og þróunarsjóðs fræðsluskrifstofu hefur lokið úthlutun fyrir skólaárið 2021-2022. Alls bárust umsóknir um styrki til 35 verkefna upp á rúmar 31 milljón króna. Úthlutunin nær til 21 verkefnis og nemur heildarfjárhæð styrkloforða 9.960.000 kr.



Mynd 1: Hér má sjá fjölda verkefna sem sótt var um eftir áhersluþáttum



Mynd 2: Hér má sjá skiptingu umsókna

Tekið sama af grunnskólaufulltrúa 11. maí 2021